

Formannafundur ÍF Íþróttamiðstöðin Laugardal 26. október 2012

SÁL, formaður ÍF bauð gesti velkomna sem svo kynntu sig.

Mætt á fundinn voru frá stjórn ÍF þau: SÁL, ÞÁH, MK, ÓÞJ, JA og starfsmenn þau ÓM, AKV, JBÓ

Frá aðildarfélögum ÍF voru: Bragi Sigurðsson, Bocciadeild Völsungs, Haukur Þorsteinsson, Íf Eik, Jósep Sigurjónsson, Íf Akri, Vilborg Matthíasdóttir og Erla Óskarsdóttir, Íf Firði, Ólafur Ólafsson, Íf Ösp, Petrína Sigurðardóttir, Íf Nes, Valgeir Backman, Ágúst Þór Guðnason, Eyþór KR. Jóhannesson, Íf Gný, Kristín Ósk Óskarsdóttir, Íf Ægi, Garðar Steingrímsson, ÍFR, Sylvía Björg Kristinsdóttir, Soffía Pétursdóttir, Íf Þjóí, Lísu Björk, Gunnarsdóttir, sunddeild Óðins og Arnþór Jónsson, Íf Ívar.

Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar hafði verið send aðildarfélögum ÍF auk þess sem henni var dreift til fundarmanna.

ÓM greindi sérstaklega frá tveimur stærstu verkefnum ÍF á árinu 2012 sem auk innlands mótahalds var framkæmd Norðurlandamótsins í boccia og þátttaka Íslands í Ólympíumóti fatlaðra sem fram fór í London í septembermánuði.

- Vegna NM í boccia sem í alla staði tókst með ágætum og Íslendingar unnu til bronsverðlauna í sveitakeppni voru aðildarfélögum ÍF færðar sérstakar þakkir frá ÍF fyrir aðstoð við dómgæslu og önnur verkefni á mótinu.
- Þá fór ÓM yfir þátttöku Íslands á Ólympíumóti fatlaðra í London. Greindi hann frá því að RÚV hefði í fyrsta sinn sýnt í beinni útsendingu frá Ólympíumóti fatlaðra og að MBL hefði verið með blaðamann á staðnum sem flutti heim daglegar fréttir frá mótinu. Upplýst var að dvöl þessa blaðamanns hefði verið kostuð af ÍF en óhætt væri að fullyrða að fréttaflutningur hans og RÚV frá mótinu hefði vakið verðskuldaða athygli og veitt almenningi nýja sýn á Íþróttir fatlaðra. Einnig var farið ítarlega yfir persónulegan árangur íslensku keppendanna á mótinu.

Skýrslur aðildarfélaga

Fulltrúar aðildarfélaga ÍF lásu upp skýrslur um starfsemi félagsins og helstu verkefni á vegum þeirra.

Þakkaði SÁL fulltrúum félaganna fyrir flutning á skýrslunum.

Fjármál

ÍF og Atlantsolía.

- Íþróttasamband fatlaðra og Atlantsolía (AO) gerðu nýlega með sér samstarfssamning og kynntu þeir Hlynur Ragnarsson og Alvar Óskarsson starfsemi félagsins og þau sérkjör sem aðildarfélög ÍF og iðkendur þeirra eiga kost á að nýta sér í kjölfar samstarfsins. Voru aðildarfélög ÍF hvött til þess að kynna sér það sem AO fyrirtækið hefði upp á að bjóða. Opnuð verður sér síða þar sem aðildarfélögin geta skráð sig inn á til að njóta ofangreindra sérkjara.

Rekstur ÍF

- ÓM fór yfir fjármál ÍF og yfir lykiltölur í rekstri ársins 2012. Greindi hann frá því að eins og fram hefði komið á Formannafundi ÍF 2011 myndi verða verulegur halli á rekstri sambandsins 2011 enda árin fyrir Ólympíumót ávallt verulega kostnaðarsöm sem og þátttaka Íslands í sumarleikum Special Olympics 2011. Á árinu 2012 verður hins vegar rekstarafgangur eins og ráð var fyrir gert. Þá sagði ÓM það óskandi að

sýnileiki og umfjöllun um Ólympíumót fatlaðra myndi skila sér í áframhaldandi samningum við samstarfs- og styrktaraðila ÍF sem allir „runnu út“ eftir Ólympíumótið. Nokkrar umræður sköpuðust um málefni ÍF tengd samstarfs- og styrktaraðilum og greindi ÓM frá því að áhersla væri á að halda áfram með núverandi fyrirtækjum frekar en að sækja á ný mið eða á mið samkeppnisaðila núverandi styrktaraðila ÍF.

Skráninga og þáttökugjöld á mót ÍF innanlands

- Þáttökugjöld á mót á vegum ÍF voru til umræðu og staðfesti fundurinn og samþykkti þáttöku-/skráningargjöldin sem kynnt voru á Formannafundi 2011. Skráningagjöldin eru kr. 1.000.- pr.mann pr.íþróttagrein.

Mót á vegum ÍF

- Íslandsmót ÍF í öllum greinum
- Íslandsmót í einstaklingskeppni í boccia
- Íslandsmót í sundi í 25m laug
- Íslandsmót í frjálsum íþróttum utanhúss
- Bikarkeppni í sundi
- Íslandsleikar SO í knattspyrnu og frjálsum

ÓM hvatti aðildarfélög ÍF til að sækja um ferðastyrki sem í boði eru hjá ÍSÍ fyrir félögin.

- ÓM greindi einnig frá því að ÍF hefði átt í viðræðum við SSÍ um að steypa saman Íslandsmótum SSÍ og ÍF í 50m laug. Ýmsar vangaveltur hefðu átt sér stað undanfarið tengdar þessum málum s.s. lágmörk á mótið, fjöldi greina, viðurkenning IPC – Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra á mótinu o.fl.

Var óskað eftir samþykki fundarins til áframhaldandi viðræðna um málið en að ekkert yrði ákveðið fyrr en að undangenginni vandlegri kynningu á kostum og göllum slíkrar sameiningar. Samþykkti fundurinn að stjórn ÍF héldi áfram þessum viðræðum við SSÍ. Garðar Steingrímsson, ÍFR áréttaði að hans félag væri mótfallið því að SSÍ myndi með einhverjum hætti taka yfir Íslandsmót ÍF í sundi. Eðlilegra væri að vinna saman og tengjast með einhverjum hætti en ekki láta framkvæmdina og valdið í hendur SSÍ.

- AKV greindi frá því að stefnan í vor væri sú að bogfiminefnd ÍSÍ myndi sjá um Íslandsmótshluta bogfiminnar á stóra Íslandsmóti ÍF. Einnig ræddi hún um málefni lyftinga og aðkomu Krafts að Íslandsmóti ÍF og áhuga á samstarfi á sviði útbreiðslumála.

Garðar Steingrímsson, formaður ÍFR staðfesti að stjórn ÍFR vildi hafa Íslandsmót í lyftingum áfram á vegum ÍF.

AKV ítrekaði það sem áður hafði komið fram að mál yrðu sett í ferli í samvinnu við aðildarfélög ÍF en að íþróttafólkið sjálft og hagsmunir þess yrði alltaf að vera í forgrunni þegar ákvörðun væri tekin um breytingar.

Umræður sköpuðust um málefni sundsins, lyftinga og bogfiminnar. Kom vel fram að fundargestir vildu að stigið yrði varlega til jarðar í ákvarðanatöku um framhaldið, þ.e. hvernig mótin séu framkvæmd og undir hvaða formerkjum.

ÞÁH tók til máls í umræðunni um sundið, lyftingar og bogfimi. Sagði hann mikilvægt að slá ekkert út af borðinu heldur taka þátt í umræðunni og skoða hvaða tillögur komi fram s.s. vegna framkvæmdar þessara mótshluta og framtíðaraðkomu ÍF að lyftingum, bogfimi og sundi.

- AKV upplýsti um Íslandsleika SO 2012 og sagði mikinn ávinning í því að hafa virkan fulltrúa í starfinu frá KSÍ í sambandi við Íslandsleikanna og hrósaði hún Guðlaugi Gunnarssyni hjá KSÍ fyrir hans aðkomu að knattspyrnumálum fatlaðra.

Special Olympics

AKV kynnti helstu verkefni SO 2013-2015

- Alþjóðavetrarleikar í Kóreu 2013 þar sem verða 3 íslenskir keppendur.
 - Í tengslum við leikana hafa verið og verða haldnir kynningar og fjáröflunarviðburðir, Bingó 20. Október, tónleikar 2. Nóvember og skautasýning 15. Desember í samstarfi við skautadeild Aspar.
 - AKV þakkaði undirbúningshópi, þjálfurum, aðstandendum og keppendum fyrir einstakt samstarf við undirbúning leikanna og viðburða þeim tengdum.
 - Í tengslum við leikana er einnig skólaverkefni þar sem nemendur Hólabrekkuskóla og FB munu taka þátt en umsjón hefur Helga Olsen.
 -
- Evrópuleikar SO 2014 í Antwerpen, Belgía en Ísland hefur mótttekið kvóta á leikana.
- Alþjóðaleikar SO 2015 í Los Angeles, USA

Þá fór AKV yfir helstu verkefni SO og kynnti ný verkefni s.s. samstarf við KSÍ, Ösp og Víking vegna Unified football project 2011 – 2012. Einnig benti hún á að ný tækifæri hefðu opnast í gegnum Unified borðtennis. Hvatt var til þess að skoða möguleika á badmintonæfingum en þessi íþróttagrein hentar mjög vel fyrir stóran hóp iðkenda og Ísland hefur fengið kvóta í greininni á Evrópuleikum Special Olympics.

Fræðslu og þróunarverkefni ÍF

- AKV kynnti fræðslu- og þróunarverkefni hjá ÍF s.s. EIPET og nýjan tæknibúnað. Aðildarfélag ÍF voru hvött til þess að óska eftir EIPET námskeiðum í heimabyggð. Aðildarfélag voru einnig hvött til þess að kynna sér heimild í fjárlögum og leita aðstoðar skrifstofu ÍF sé verið að panta búnað fyrir fatlað íþróttafólk.
- JBÓ kynnti Æskubúðir ÍF og Össurar og staðfesti að þar væru allir fötlunarhópar velkomnir. Tvennar slíkar búðir væru áætlaðar árlega þ.e. að vori og hausti.

Afreksstefna ÍF 2012 - 2016

ÓM upplýsti að unnið væri að mótun afreksstefnu ÍF2012 – 2016. Ingi Þór Einarsson, fyrrum formaður sundnefndar ÍF fer fyrir þeirri vinnu og nú þegar hafa allar íþróttanefndir fundað með honum og lagt fram sínar hugmyndir. Kynnti ÓM þær hugmyndir sem fram væru komnar og fór m.a. í gegnum skipan afrekshópa, hvaða kröfur hver einstaklingur þyrfti að uppfylla og mögulegan kostnað sem einstaklingar í hverjum afrekshópi þyrftu að bera. Í umræðum sem um málið sköpuðust benti Ólafur Ólafsson, Ösp á að þau sem eru mest fötluð þurfa að taka þátt í mörgum mótum bara til þess að komast inn á heimslista í boccia og Haukur Þorsteinsson, Eik, hans skoðun væri sú að þeir aðilar sem komist í A-hópin eigi að greiða einhvern kostnað, mögulega minni en aðrir hópar. Þakkaði ÓM fundinum góðar ábendingar sem teknar yrðu til skoðunar við nánari útfærslu afreksstefnunnar.

Helstu mót innanlands/erlendis 2013

Helstu mót innanlands/erlendis 2013 voru kynnt

- Umræður sköpuðust um tímasetningu á stóra Íslandsmóti ÍF. Félag utan af landi benda á að gisting í Reykjavík í mars-apríl-maí sé erfið og kostnaðarsöm auk þess sem slæmt væri að Íslandsmót ÍF væru á svipuðum tíma og Hængsmót. Starfsfólk ÍF upplýsti um vandamál sem við væri að etja þegar samkeyra ætti öll Íslandsmótin líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Sem dæmi væri Laugardalshöll „lokuð“ fyrir íþróttaiðkun í marsmánuði vegna ýmissa tónlistaviðbrúða o.fl og því væri aprílmánuður hentugastur fyrir mótin.

Bókað var að ósk fundarins væri að skoða mánaðarmótin febrúar-mars fyrir stóra Íslandsmótið.

Önnur mál

- **Jóla­kort ÍF 2012**
- **Íþróttamaður ársins**
- **Sambandsþing ÍF 2013**
- **Annað**

- Jóla­kort ÍF 2012 voru kynnt og og til afhendingar til þeirra sem vildu. Jósep Sigurjónsson, Akri kvaðst ósáttur við stærð jóla­kortanna í ár. AKV tilkynnti að samþykkt lægi fyrir hjá stjórn ÍF að halda kortunum framvegis í staðlaðri stærð.
- Kynnt var að Íþróttamaður og –kona ársins úr röðum fatlaðra yrði kynnt 5. desember n.k.
- ÓM kynnti að fyrirhugað væri að halda Sambandsþing ÍF í marsmánuði í Reykjavík en m.t.t. óska fundarins um að Íslandsmótin færu fram í febrúar/mars yrði að skoða dagsetningar vegna þingsins nánar.
- Annað
- Garðar Steingrímsson, ÍFR upplýsti að ÍFR hafi gert samkomulag við ekkju Erlings um að halda Erlingsmótið helst á afmæli Erlings eða sem næst því.
- Bragi Sigurðsson, Bocciadeild Völsungs kom á framfæri þökkum fyrir mótið á Ísafirði. Bragi kom einnig neðangreindum skoðunum sínum á framfæri;
 - að skemmtilegri blær kæmi á bocciamótin ef keppendur væru í keppnisbúningum sinna félaga fremur en borgaralegum klæðnaði. Þetta kvaðst hann hafa rætt við Karl Þorsteinsson í boccianefnd ÍF.
 - að hans mati væri ekki hlutverk mótstjóra á Íslandsmótum í boccia að koma að úrskurði í einstaka bocciaviðureign heldur væri það verk yfirdómara.
 - að auglýsingaherferð ÍFR varðandi getraunir „styðjið íþróttastarf fatlaðra“ gæti valdið misskilning og greindi frá því að fólk skilji ekki muninn á ÍFR og ÍF og því ýti auglýsingaherferð ÍFR ýti undir þann misskilning. Garðar Steingrímsson, ÍFR svaraði því til að það væri ákvörðun getraunaneftndar ÍFR að fara inni auglýsingapakka hjá útvarpsstöðvum á haustin. Sagði auglýsingarnar skýrar og skilmerkilegar og sagði að verið væri að tala um íþróttir fatlaðra og ekki annað. Sagðist hann ætla að koma því á framfæri við ÍFR að athugasemd hefði komið fram vegna auglýsinga þeirra tengdum getraunum.
 - Þá fannst Braga mótunum hafa hrakað í gegnum árin og kvaðst ósáttur við að aðeins komi kveðja á mótið frá formanni sambandsins og hann ekki viðstaddur. ÞÁH svaraði því til að ýmsar ástæður gætu legið að baki fjarveru fromanns við mótsetningar en að ávallt væri tryggt að hafa a.m.k. einn stjórnarmann viðstaddan mótsetninguna og mótið sjálft. Einnig væri starfsmaður skrifstofu ávallt viðstaddur.

Fleira ekki rætt og þakkaði ÞÁH fundarmönnum fundarsetuna og góðar og gagnlegar umræður og sleit að því búnu fundi.

Fundarritari: JBÓ.

